

Nokkur dæmi um textanotkun í skýrslum er notast við ASEBA matslista

Dæmi um texta 1,5-5 ára:

Spurningalisti um atferli barna (CBCL/1½-5)

Til þess að meta hegðun og líðan xxxx voru fengin svör foreldra og leikskólakennara við CBCL matslistanum. Svörin voru borin saman við það sem vitað er um svör foreldra og kennara íslenskra og bandarískra barna. Með þessum lista er metið ýmislegt í fari barna, svo sem viðkvæmni, einbeitingarerfiðleikar og árásarhegðun.

Dæmi um frásögn af niðurstöðum:

Í þeim aðstæðum sem móðir þekkir stúlkuna virðist hún eiga talsvert erfiðara með hegðun og einbeitingu en bæði í leikskólanum og þar sem faðir þekkir til. Aftur á móti sjást í svörum beggja foreldra og leikskólakennara vísbendingar um depurð, viðkvæmni og vanlíðan sem vel þarf að fylgjast með og grípa inn þar sem þurfa þykir.

Dæmi um texta 6-18 ára:

A fyllti úr CBCL (child behavior checklist) spurningalista yfir atferli barna á aldrinum 6-18 ára. Við útfyllingu listans er gert ráð fyrir að viðmiðunartími sem svarað er út frá, séu sex mánuðir. Óskað var eftir að A legði til grundvallar stöðu barnsins eins og hann þekkti hana áður en kom til ágreinings um umgengni.

Niðurstaðan bendir til að A geri sér nokkuð raunhæfa mynd að atferli og líðan dóttur sinnar. Hann hefur takmarkaða þekkingu á félagslegri stöðu hennar, félagslegri virkni og aðlögun hennar og veldur það honum nokkrum áhyggjum.

A virðist gera sér grein fyrir þeim hegðunareinkennum sem barnið sýnir í ljósi þess að barnið B hefur verið greind ofvirk og með athyglisbrest. Einnig hefur hann nokkrar áhyggjur af líðan hennar og kvíða, en þessar áhyggjur hans reiknast ekki yfir viðmiðum mælitækisins. Niðurstöður þessarar mælingar voru kynntar A og V.

Dæmi um texta 18-59 ára:

A fyllti út ASR-spurningalista (adult behavior self-report) fyrir fullorðna á aldrinum 16-59 ára, sjálfsmatslista. V sambýliskona hans og S móðir hans fylltu einnig út samskonar spurningalista ABCL (adult behavior checklist) þar sem fram kemur mat þeirra á hegðun hans og líðan. Unnið var úr hverjum spurningalista fyrir sig og einnig gerður samanburður á niðurstöðum allra þriggja svarenda.

Niðurstöður eru allar innan viðmiðunarmarkna mælitækisins og innra samræmi svara í meðallagi milli svarenda. Almenn er samræmi gott milli svarenda hvað varðar þau atriði sem ætla má að valdi nokkrum áhyggjum varðandi líðan og hegðun A. Er þar helst vöntun á vinatengslum og óframfærni A sem einnig lýsir sér í hlédrægni /óöryggi eða kvíðatengdri hegðun.

Lýsing á mælitækinu:

Aseba spurningalistarnir (Útg. 2001) eru hluti af ASEBA matslista-kerfinu (Achenbach System of Empirically Based Assessment) sem eru spurningalistar sem ætlaðir eru til að fá fram staðlaða lýsingu á hegðun og líðan einstaklinga. Spurningalistarnir eru lagðir fyrir foreldra, kennara og/eða aðra upplýsingagjafa auk sjálfsmatslista ef viðkomandi er fyrir 11 ára og eldri. Sérstakir listar eru lagðir fyrir hvern aldurshóp. Úrvinnsla fer fram í sérstökum hugbúnaði og er niðurstaðan borin saman við bandarískan viðmiðunarhóp og það sem vitað er um íslensk svör við matslistunum út frá aldri og kyni.

Mikilvægt er að orða niðurstöðukafla og túlkanir á varfærin hátt. Má benda á orðalag “narrative” þar sem sagt er hvernig viðkomandi reiknast mv. Viðmiðunarhóp bandarískra og íslenskra barna og að sú niðurstaða gefi til kynna meiri vanda en dæmigert er fyrir frásögn foreldris barns (drengs/stúlku) á þeim aldri. Vísbendingar um vanda þurfi að skoða betur.

Hafa þarf í huga að ASEBA listarnir eru skimunartæki – ekki greining - og verða aðeins hluti af greiningu ásamt öðrum gögnum í “greiningunni”.

Tekið saman 30. nóv. 2004.

Halldór Sig. Guðm